

brottför héðan af landi fram til 1. mars 1985, en þó eigi lengur en þar til fullnaðardómur gengur í málinu, með vísan til 1. mgr. 72. gr., sbr. 2. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974. Kröfunni var mótmælt.

Ríkissaksóknari hefur áfrýjað dómi þessum til Hæstaréttar Íslands til þyngingar hvað varðar Griffith David Scobie. Með vísan til þess, 1. mgr. 72. gr. laga nr. 74, 1974 og með hliðsjón af lagasjónarmiðum þeim, er liggja til grundvallar 2. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 þykir rétt að taka kröfu ákærvaldsins til greina og ákveða, að Griffith David Scobie verði meinuð för úr landi til föstudagsins 1. mars 1985, kl. 17:00, en þó eigi lengur en þar til dómur Hæstaréttar Íslands gengur í málinu.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Ákærði, Griffith David Scobie, er óheimil för úr landi allt til föstudagsins 1. mars 1985, kl. 17:00, en þó eigi lengur en þar til dómur Hæstaréttar Íslands gengur í málinu.

Mánudaginn 15. október 1984.

Nr. 114/1982. **Víðir Jóhannsson**

(Haraldur Blöndal hrl.)

gegn

Guðmundi Runólfssyni h/f

(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Magnús Þ. Torfason.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu upphaflega með stefnu 6. janúar 1982. Útivist varð af hans hálfu 3. maí 1982, en hann áfrýjaði málinu að nýju með stefnu 17. maí 1982 samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973. Dómkröfur áfrýjanda eru þær, að stefndi greiði honum 18.205.40 krónur með 19% ársvöxtum frá 11. apríl 1979

til 31. maí 1979, með 22% ársvöxtum frá 1. júní 1979 til 31. ágúst 1979, með 27% ársvöxtum frá 1. september 1979 til 30. nóvember 1979, með 31% ársvöxtum frá 1. desember 1979 til 30. maí 1980, með 35% ársvöxtum frá 1. júní 1980 til 30. maí 1981, með 34% ársvöxtum frá 1. júní 1981 til 31. október 1982, með 42% ársvöxtum frá 1. nóvember 1982 til 20. september 1983, með 35% ársvöxtum frá 21. september 1983 til 20. október 1983, með 32% ársvöxtum frá 21. október 1983 til 20. nóvember 1983, með 27% ársvöxtum frá 21. nóvember 1983 til 20. desember 1983, með 21.5% ársvöxtum frá 21. desember 1983 til 20. janúar 1984, en með 19% ársvöxtum frá 21. janúar 1984 til uppsögu hæstaréttardóms, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Þá er krafist viðurkenningar á sjóveðrétti í skutogaranum Runólfi, SH 135, sbr. X. kafla siglingalaga nr. 66/1963.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Munnlegur málflutningur í héraði fór fram í máli þessu 17. júlí 1981, en dómur var kveðinn upp 12. nóvember s.á. Með þessum drætti á dómsuppsögu hefur héraðsdómur brotið fyrirmæli 191. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, enda getur munnlegur málflutningur ekki komið að því gagni, sem til er ætlast, er dómsuppsaga dregst svo lengi. Verður því ekki hjá því komist, að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð frá og með munnlegum málflutningi í þinghaldi 17. júlí 1981 og skylda héraðsdóm til að taka málið til löglegrar meðferðar og dómsuppsögu að nýju.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Meðferð máls þessa í héraði frá og með munnlegum málflutningi í þinghaldi 17. júlí 1981 og héraðsdómur eiga að vera ómerk, og ber héraðsdómi að taka málið upp að nýju til löglegrar meðferðar og dómsuppsögu.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur sjó- og verslunardóms Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu**12. nóvember 1981.**

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi hinn 17. júlí 1981, höfðar Víðir Jóhannsson, Fagurhólstúni 8, Grundarfirði, gegn Guðmundi Runólfssyni h.f., Grundarfirði, í sjó- og verslunardómi Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu með stefnu, útgefinni 3. október 1980. Stefndi mætti óstefndur við þingfestingu málsins hinn 5. október 1980.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda kr. 18.205.38 ásamt 31% ársvöxtum frá 11. apríl 1980 til 1. júní s.á., 35% ársvöxtum frá þeim degi til 5. október 1980, þingfestingardags, en eftir það með hæstu innlánsvöxtum, sbr. lög nr. 56/1979. Ennfremur krefst hann viðurkenningar á sjóveðrétti í Runólfi SH-135 svo og málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá lögmanna frá 1. júní 1981.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, og að stefnanda verði gert að greiða sér málskostnað samkvæmt mati dómsins.

— — —

D ó m s ó r ð:

Stefndi, Guðmundur Runólfsson h.f., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Víðis Jóhannssonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.
